

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að efla strætótengingar

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að beina því til stjórnar Strætó bs. að bæta strætótengingar milli hverfa og innan hverfa. Slíkt verði gert í samvinnu við farþega. Mikilvægt er að bæta tengingar fyrir fólk sem reiðir sig á strætó í sínu daglegu lífi. Til að byggja upp almenningsamgöngur sem áreiðanlegan kost sem fleiri vilja nota í framtíðinni, er mikilvægt að það verði gert út frá röddum og þörfum notenda. Með tengingum er átt við leiðarnar sem vagnarnir fara í núverandi leiðakerfi strætó sem og staðsetningu og fjölda þeirra strætóstoppistöðva sem eru í boði á þeirri leið.

Greinargerð

Oft er vísað til borgarlínu þegar fjallað er um þær úrbætur sem þurfa að eiga sér stað á almenningsamgöngum. Langt er í að það verði að veruleika og fólk sem treystir á strætó í dag þarf betri lausnir núna. Það er því mikilvægt að efla og styrkja strætó út frá þörfum notenda. Með því að byggja almenningsamgöngur út frá röddum farþega aukast líkur á að fleiri kjósi sér þann kost þar sem um áreiðanlegan valmöguleika er að ræða.

Að búa í nálægð við stoppistöð þýðir ekki endilega að það sé stöð sem komi fólk á leiðarenda. Huga þarf sérstaklega að tengingum á milli hverfa og að hægt sé að ferðast innan hverfis, t.d. til og frá verslunarkjörnum. Þegar ný hverfi verða til þarf að tryggja að samgöngur séu til staðar inn í hverfið og út úr því. Þá þarf einnig að skoða fjölda biðstöðva á hverri leið og tryggja að þær séu nógu margar.